Borgartúni 37
105 Reykjavík
S: 580-4300
F: 580-4301
info@parx.is

Úttekt á Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Desember 2007

Helstu niðurstöður

- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sinnt vel því verkefni að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir þá markhópa sem tilgreindir eru í þjónustusamningi.
- Þjónustusamningar frá 2003, 2006 og viðaukasamningur frá 2007, milli menntamálaráðuneytisins annars vegar og Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hins vegar, hafa að mestu leyti gengið eftir í framkvæmd. Faglegur árangur af starfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er umtalsverður og ekki verður annað séð en að fyrirkomulagið hafi reynst vel.
- Samstarf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og Mími-símenntun hefur gengið vel: Í upphafi þótti hins vegar skorta nokkuð upp á kynningu verkefnisins til fræðsluaðila á landsbyggðinni.
- Námsframboð fyrir markhópa sem tilgreindir eru í þjónustusamningi er gott en lagt er til að Fræðslumiðstöðin skilgreini markvisst ferli í kringum hvernig slík þörf er greind víðsvegar um landið.
- Þróun aðferða við mat á óformlegu námi og námsárangri og þróun aðferða við mat á raunfærni einstaklinga hefur gengið vel í góðu samstarfi við framkvæmdaaðila. Uppbygging kerfis þar um er á góðri leið en huga þarf að hvernig verkefnið og þær aðferðir sem notaðar eru munu koma til með að vera metnar inn í nám í framhaldsskólum.
- Ekki liggur fyrir hversu margir nýta sér möguleika að fá einingar metnar til náms á framhaldsskólastigi. Lagt er til að fram fari markviss rannsókn á nýtingu einninga til að meta hvort bregðast þurfi við áhyggjum hagsmunaaðila um að þær nýtist ekki sem skyldi. Að sama skapi er tilefni til að skoða betur hvort námskeið nýtist starfsmönnum til að fá framgang í starfi og/eða launahækkun.
- Þróun, framkvæmd og árangur verkefna í náms- og starfsráðgjöf hefur að mestu tekist vel, þó er töluverð starfsmannavelta en tryggja þarf náms- og starfsráðgjöfum gott starfsumhverfi til að hægt sé að byggja upp nauðsynlega reynslu og þekkingu.
- Lagt er til að núverandi samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa verði gerður formlegri, með tíðari fundum, til að miðla reynslu, þekkingu og efla verkefnið. Athugað verði hvort rétt sé að koma á sjálfstæðri tengingu vettvangsins inn í háskólaumhverfið og nám um náms- og starfsráðgjöf. Verkefnið leggur nýja áherslu á aðferðir náms- og starfsráðgjafar og æskilegt að reynslan skili sér inn í námið. Skipulagning á dagskrá og viðfangsefnum

þessa samráðsvettvangs verði sameiginlegt verkefni Fræðslumiðstöðvar og fulltrúa náms- og starfsráðgjafa.

- Þróun aðferða við uppbyggingu námsferilskrá (nemendabókhalds) hefur ekki gengið eftir en ytri þættir eru að mestu orsök þess, þó einnig bolmagn Fræðslumiðstöðvarinnar til að tileinka sér verkefnið og fylgja því eftir.
- Verkefni um þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði hefur tekist vel en kennarar á landsbyggðinni eiga þó erfitt með að sækja námskeið á vegum Fræðslumiðstöðvarinnar sökum tímaskorts og anna við önnur verkefni.
- Gerð námsefnis í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfun kennara í notkun þess er verkefni sem er ólokið og hefur tafist – afurð er þó væntanleg. Lagt er til að menntamálaráðuneytið móti heildstæða stefnu um íslenskukennslu fyrir útlendinga.
- Gæðastarf Fræðslumiðstöðvarinnar er umtalsvert og hefur því verið sinnt vel, þó er talið að tímaskortur hjá starfsfólki og kennurum símenntunar-miðstöðvanna geri það að verkum að það nýtist ekki sem skildi.
- Eftirlit menntamálaráðuneytisins með þjónustusamningunum er gott. Fyrirsjáanleg aukning í fullorðinsfræðslu á Íslandi gerir það að verkum að ráðuneytið þarf að veita aukið aðhald og fylgjast vel með gæðum þjónustunnar.
- Það var tilfinning þeirra hagsmunaaðila sem rætt var við í þessari úttekt að tenging fullorðinsfræðslu og endurmenntunar við íslenskt atvinnulíf ætti eftir að aukast og hlutfall tómstundanámskeiða myndi minnka í samræmi við það. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir frumkvöðlahlutverki í þeirri framtíðarsýn og miðstöðin er í stakk búin að taka við auknum verkefnum.
- Líklegt er talið að fjármunir til verkefnisins muni aukast á næstu árum. Með það að leiðarljósi má athuga sérstaklega hvort setja eigi á laggirnar sérstakt fagráð til að styðja Fræðslumiðstöðina í starfi og minnka þar með álag á stjórn sem gæti einbeitt sér að fjármagni og nýtingu þess. Fræðilegt fagráð myndi styrkja framkvæmdastjóra og starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar í auknum verkefnum og efla fullorðinsfræðslu í landinu með tengingu inn í fræðilegt umhverfi.
- Markhópur Fræðslumiðstöðvarinnar er nokkuð breytilegur, fleiri útlendingar á íslenskum vinnumarkaði og einstaklingar með sértæk vandamál auka kröfur til Fræðslumiðstöðvarinnar. Störf breytast og þeim störfum sem þurfa enga menntun fækkar. Aldursdreifing breytist og eftirlaunaþegum fjölgar. Innflytjendum fjölgar að sama skapi og þarf að nýta betur þann mannauð og þau tækifæri sem það hefur í för með sér.

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður ... 2

Efnisyfirlit ... 4

Inngangur ... 5

1.1 Almennt ... 5

1.2 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ... 6

1.3 Úttektaraðilar ... 7

Greining ... 8

2.1 Framkvæmd verkefna um bætta fræðslu fyrir markhópa Fræðslumiðstöðvarinnar ... 8

2.2 Samstarf Fræðslumiðstöðvarinnar við aðra fræðsluaðila ... 9

2.3 Námsframboð fyrir markhópa með hliðsjón af þörf ... 10

2.4 Gerð og vottun námskráa og einingamat ... 11

2.5 Þróun aðferða við mat á óformlegu námi og raunfærni einstaklinga ... 12

2.6 Þróun, framkvæmd og árangur verkefna í náms- og starfsráðgjöf ... 13

2.7 Þróun aðferða við uppbyggingu námsferilskrá ... 15

2.8 Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði ... 16

2.9 Gerð námsefnis í íslensku fyrir útlendinga og þjálfun kennara í notkun þess ... 17

2.10 Gæðastarf Fræðslumiðstöðvarinnar ... 18

2.11 Eftirlit menntamálaráðuneytisins með þjónustusamningunum ... 18

2.12 Stjórnskipulag og starfsmannamál ... 18

2.13 Fjármál og rekstur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ... 19

Tillögur ... 21

3.1 Tillögur um úrbætur á fyrirkomulagi starfsemi FA ... 21

3.2 Tillögur um úrbætur á stjórnun verkefna Fræðslumiðstöðvarinnar ... 22

3.3 Tillögur um úrbætur á rekstrarþáttum ... 23

3.4 Aðrar tillögur eða ábendingar ... 24

Heimildaskrá ... 25

Ritaðar heimildir ... 25

Viðtöl og vinnufundir ... 26

Kafli 1

Inngangur

Með erindisbréfi dagsettu 12. september 2007 var ParX – viðskiptaráðgjöf IBM falið að gera úttekt á starfsemi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Þessi greinargerð byggist á vettvangsskoðun, viðtölum við helstu hagsmunaðila sem áttu sér stað á tímabilinu 18. september til 12. desember, sjálfsmatsskýrslu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og annarri greiningu gagna.

Tekin voru viðtöl við 29 aðila.

1.1 Almennt

Úttekt þessi nær til starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins frá vormisseri 2003 til og með haustmisseri 2007. Í verkefnislýsingu var úttektin afmörkun með eftirfarandi hætti:

- Framkvæmd þeirra verkefna Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem eiga að stuðla að aukinni og bættri fræðslu fyrir markhópa sem tilgreindir eru í þjónustusamningi, þ.e. fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, fólk sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka námi í framhaldsskóla, innflytjendur og aðra sambærilega hópa.
- Samstarf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við aðra fræðsluaðila, sérstaklega símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og Mími-símenntun, og inntak og framkvæmd þjónustusamninga við þessa aðila, svo og samstarf við fræðslumiðstöðvar í löggiltum iðngreinum.
- Námsframboð fyrir markhópa sem tilgreindir eru í þjónustusamningum með hliðsjón af þörf.
- Gerð og vottun námskráa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, svo og tilhögun staðfestingar menntamálaráðuneytisins til einingamats á framhaldsskólastigi.
- Þróun aðferða við mat á óformlegu námi og námsárangri og þróun aðferða við mat á raunfærni einstaklinga, svo og vinnu við stefnumótun í raunfærnimati, uppbyggingu kerfis þar um og prófun á því fyrir fólk á vinnumarkaði með litla grunnmenntun og faglærða starfsmenn á vinnumarkaði.
- Þróun, framkvæmd og árangur verkefna í náms- og starfsráðgjöf.
- Þróun aðferða við uppbyggingu námsferilsskrá (nemendabókhalds).
- Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði.
- Gerð námsefnis í íslensku fyrir erlenda starfsmenn og þjálfun kennara í notkun þess.
- Gæðastarf stofnunarinnar.
- Eftirlit menntamálaráðuneytisins með þjónustusamningunum.

Afmörkun þessi nær yfir þau skilgreindu verkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er ætlað að vinna samkvæmt sérstökum þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Úttektin nær ekki yfir almenna starfsemi annarra fræðsluaðila.

Niðurstöður skýrslunnar ásamt þeim tillögum sem hér koma fram er ætlað að auðvelda stjórnvöldum að meta árangur af starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Skýrslunni er einnig ætlað að nýtast sem innlegg í áframhaldandi stefnumótunarvinnu um þau menntunarúrræði og þá þjónustu sem þjónustusamningar Fræðslumiðstöðvarinnar kveða á um.

1.2 Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. var stofnuð í desember 2002 af Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) og Samtökum atvinnulífsins (SA) með það að markmiði að vera vettvangur um bætta menntun og möguleika fyrir einstaklinga á vinnumarkaði með litla grunnmenntun, innflytjendur og sambærilega hópa.

Stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins byggir jafnframt á grunni yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um starfsmenntun í atvinnulífinu frá 13. desember 2001 þar sem aðilar vinnumarkaðarins komust að samkomulagi um aðgerðir í anda yfirlýsingarinnar:

> *Ríkisstjórnin mun í samstarfi við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir endurskipulagningu á starfsfræðslu í atvinnulífinu. Markmiðið er bæði að auka framboð á starfsfræðslu og tryggja starfsemina. Samhliða því verði þessum málum komið í fastari skorður með skilvirkari samvinnu þeirra aðila sem sinna þessum verkefnum. (Forsætisráðuneyti 2001)*

Um mitt ár 2003 undirrituðu menntamálaráðherra og formenn ASÍ og SA þjónustusamning á grundvelli yfirlýsingarinnar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var þar með falin framkvæmd þeirra verkefna sem tilgreind eru í samningnum, þ.á m. að stuðla að aukinni fræðslu fyrir markhópinn[1], skilgreina menntunarþarfir, þróa aðferðir við mat á námi og námsárangri (sbr. menntamálaráðuneyti 2003).

Í yfirlýsingu ríkisstjórnar frá 15. nóvember 2005, sem ætlað var að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga, kemur einnig fram að „gert [sé] ráð fyrir sérstökum framlögum úr ríkissjóði til að greiða fyrir námskeiðahald og endurmenntun einstaklinga á vinnumarkaði“ (Forsætisráðuneyti 2005). Kostnaður vegna ársins 2006 var áætlaður 100 m. kr. í námskeiðahald og var Fræðslumiðstöðinni falið að annast námsframboð byggt á vottuðum námskrám sem staðfestar væru af menntamálaráðuneyti. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var þannig falið að gera samninga við símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni til að annast þetta nám og námskeiðahald fór af stað á árinu 2006.

[1] Markhópur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins skv. skilgreiningu í þjónustusamningi frá árinu 2006 er fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun (sbr. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2006a)

Hinn 26. janúar 2006 undirrituðu menntamálaráðherra og formenn ASÍ og SA nýjan þjónustusamning um símenntun á íslenskum vinnumarkaði. Nýi samningurinn byggði á yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar frá 13. desember 2001 og 15. nóvember 2005. Viðauki við þjónustusamninginn var undirritaður 26. janúar 2007, þar sem tilgreint var viðmið um notkun fjármagns og verkefni um raunfærnimat skilgreint.

Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar frá 22. júní 2006, til að greiða fyrir samkomulagi ASÍ og SA um áframhaldandi gildi kjarasamninga, kveður á um aukin framlög til starfsmennta- og fullorðinsfræðslumála frá og með árinu 2007. Á árinu er gert ráð fyrir því að verja 120 m.kr. til að efla verkefni um náms- og starfsráðgjöf, ásamt verkefni um raunfærnimat, til viðbótar því fé sem áður hafði verið ákveðið að veita til fullorðinsfræðslu í landinu.

Nú skipa stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar eftirfarandi aðilar: Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður. Atli Lýðsson, Finnbjörn A. Hermannsson, Grétar Halldórsson og Sigríður Anna Guðjónsdóttir. Varaformaður er Gylfi Arnbjörnsson en hann lét nýlega af störfum sem formaður. Fulltrúar ASÍ og SA skipta með sér formennsku og varaformennsku.

1.3 Úttektaraðilar

Úttekt þessi er unnin af ParX – viðskiptaráðgjöf IBM og Guðrúnu Björt Yngvadóttur, fyrrum aðstoðarforstöðumanni Endurmenntunar Háskóla Íslands. Verkefnisstjóri var Arnar Jónsson sem veitir stjórnsýsluráðgjöf ParX forstöðu. Auk þeirra kom að verkefninu Arnar Pálsson stjórnsýsluráðgjafi.

Kafli 2

Greining

2.1 Framkvæmd verkefna um bætta fræðslu fyrir markhópa Fræðslumiðstöðvarinnar

Í þjónustusamningi frá árinu 2003 kemur fram að að hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sé að „efla framboð á námskeiðum fyrir fólk á vinnumarkaði með litla formlega grunnmenntun, innflytjendur o.fl. svo og önnur verkefni sem hafa almenna samfélagslega skírskotun“ (Menntamálaráðuneyti 2003).

Samtals eru 25 námskrár Fræðslumiðstöðvarinnar til þess fallnar að vera metnar til styttingar á námi í framhaldsskóla en 17 námskrár hafa verið gefnar út. Samkvæmt sjálfssmatsskýrslu Fræðslumiðstöðvarinnar hafa á tímabilinu 2003 til vorannar 2007, 1.184 námsmenn sótt nám samkvæmt 13 metnum námskrám Fræðslumiðstöðvarinnar sem gera samtals 185.371 nemendastundir (sbr. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2007a:43). Af 25 vottuðum námskrám hafa enn fjórar ekki verið kenndar. Sex námskrár eru í lokaundirbúningi innan Fræðslumiðstöðvarinnar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast ekki framkvæmd námskeiða heldur felur símenntunarmiðstöðvunum á landsbyggðinni og Mími-símenntun í Reykjavík framkvæmdina. Fræðslumiðstöðin er í því hlutverki að gera faglegar og gæðalegar kröfur og deila út fjármagni í formi kostnaðarþátttöku í námskeiðum eða námsleiðum.

Í viðtölum úttektaraðila kom í ljós ánægja með starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og aðkomu hennar að fullorðinsfræðslu á Íslandi. Kostnaðarþátttaka í framkvæmd á vottuðum námskrám hefur veitt fólki aukin tækifæri til að afla sér menntunar og bæta stöðu sína á vinnumarkaði.

Helstu samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvarinnar eru símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Stærð og strjálbýli svæði og kostnaðarþáttur vegna aksturs og ferðatíma kennara geta vegið þungt í heildarkostnaði námskeiðs. Af þeim sökum er erfitt að greina hvernig fjármunir nýtast á milli svæðanna.

Í fyrsta þjónustusamningnum frá árinu 2003 eru innflytjendur sérstaklega tilgreindir sem markhópur Fræðslumiðstöðvarinnar. Útbúin hefur verið ein staðfest námskrá ætluð útlendingum (Landnemaskólinn), náms- og starfsráðgjöf hefur verið í boði á ensku í einhverjum tilvikum hjá símenntunarmiðstöðvunum og Fræðslumiðstöðin hefur unnið að gerð námsefnis fyrir kennslu í íslensku.

Í 2. gr. þjónustusamnings menntamálaráðuneytisins við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins frá 2001 var skilgreint verkefni um gerð námsefnis og sérhæfð kennslufræðileg ráðgjöf til fræðsluaðila. Lítil sem engin námsefnisgerð hefur átt sér stað hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins en í viðtölum er það eindregin ósk framkvæmdaaðila námskeiða að svo verði.

Helstu rök fyrir aðkomu Fræðslumiðstöðvarinnar að námsefnisgerð:

- Símenntunarstöðvarnar hafa átt í erfiðleikum með að nálgast námsefni í einhverjum tilvikum.
- Það hefur komið fyrir að símenntunarmiðstöðvar hafa neitað að láta aðra kennara fá námsefni sem unnið hefur verið þegar eftir því hefur verið leitað. Eru þar uppi sjónarmið um höfundarrétt einstakra kennara á námsefninu.
- Aðkoma Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins myndi samræma námsefnisgerð, ekki yrði sama námskrá kennd með tveimur mismunandi aðferðum á milli símenntunarmiðstöðvanna.
- Fræðslumiðstöð atvinnulífsins myndi stuðla að samræmdum gæðum námsefnis.
- Sama námskeiðið er aldrei eins og því flækir það mat inn í framhaldsskólanna.
- Það þarf sérstaka þekkingu og þjálfun við námsefnisgerð sem er ekki alltaf til staðar hjá kennurum, t.d. nota símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni oft kennara beint úr atvinnulífinu með litla reynslu af námsefnisgerð.

Helstu rök gegn aðkomu Fræðslumiðstöðvarinnar að námsefnisgerð:

- Fram hefur komið að námsefnisgerð Fræðslumiðstöðvarinnar myndi setja kennurum óþægilega miklar skorður og ekki henta öllum kennurum.
- Sumir kennarar vilja hafa frjálsar hendur hvernig nálgast eigi kennsluefnið og hefur það talist reynast vel í einhverjum tilvikum.
- Fram kom í viðtölum að í eðli skipulags Fræðslumiðstöðvarinnar sé hún nær fyrirtækjunum í landinu en fjær markhópnum (nemendum), þar af leiðandi henti betur að Fræðslumiðstöðin komi að námskrárgerð og þarfagreiningu en beint námsefnisgerð.

Hér takast því á sjónarmið um samræmingu/gæði og sveigjanleika/nýsköpun. Á vegum Fræðslumiðstöðvarinnar hefur verið þróuð mælistika um gæði námsefnis en tímaskortur kennara á landsbyggðinni gerir það að verkum að óvíst er hversu mikið hún sé notuð.[2] Það ber að taka fram að sumar símenntunarmiðstöðvarnar hafa haft greiðan aðgang að námsefni hjá öðrum miðstöðvum á landsbyggðinni og Mími-símenntun og hafa ekki rekist á hindranir.

2.2 Samstarf Fræðslumiðstöðvarinnar við aðra fræðsluaðila

Í þjónustusamningi frá árinu 2001 kemur fram að Fræðslumiðstöðin skuli efna til samstarfs við fræðslustofnanir og eru þeir tilgreindir í fylgiskjali með samningnum (sbr. menntamálaráðuneyti 2001).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er í formlegu samstarfi við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni og Mími-símenntun í Reykjavík. Í viðtölum við

[2] Mælistika í námsefnisgerð er eins konar gæðaviðmið eða leiðarvísir fyrir námsefnishöfunda. Bæði geta kennarar notað mælistikuna sér til halds og trausts við að byggja upp gott námsefni, eins getur Fræðslumiðstöðin notað mælistikuna til að meta gæði námsefnisins.

fulltrúa þeirra kom fram að það samstarf hafi gengið prýðilega fyrir sig. Það kom þó fram að þarfir landsbyggðarinnar kynnu að vera aðrar en höfuðborgarsvæðisins, t.d. vegna greininga á námsþörf. Aðrir samstarfsaðilar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins eru fræðslumiðstöðvar iðngreina. Samstarf við fræðslusjóði á landinu er óformlegra.

Fyrirkomulag á starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar hefur í för með sér að ákveðin fjarlægð er frá markhópnum þar sem Fræðslumiðstöðin kemur ekki að framkvæmd námskeiða. Helstu samstarfsaðilar eru í beinum samskiptum við markhópa en nálægð Fræðslumiðstöðvarinnar og Mímis-símenntunar getur að vissu marki bætt Fræðslumiðstöðinni upp þessa fjarlægð.

Víðsvegar um landið standa framhaldsskólar, ýmis samtök og félög fyrir fræðslustarfsemi sem skarast við starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, í því samhengi nefndu viðmælendur sérstaklega félög innan BSRB. Fræðslumiðstöðin gæti því ákveðið að taka ekki upp námskrár sem sem svipar til annarra námsleiða sem nú þegar eru í boði á ákveðnum svæðum, á sama tíma gæti verið að þörfin sé til staðar á öðrum svæðum. Fræðslumiðstöðin hefur ákveðið að bjóða ekki fagnámskeið sem vinnur gegn ákveðinni braut í framhaldsskólunum þrátt fyrir að áhugi sé til þess hjá símenntunarmiðstöðvunum. Með þetta að leiðarljósi má skilgreina hlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar gagnvart öðrum fræðsluaðilum á landinu betur. Fjármagn til verkefna Fræðslumiðstöðvarinnar kemur í gegnum kjarasamninga við þá aðila sem eiga Fræðslumiðstöðina, þ.e. Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Þeim er ekki skylt að þjónusta aðra en sína eigin félagsmenn. Færa má fyrir því almenn rök að það sé óheppileg staða fyrir menntamálaráðuneytið og aðra aðila sem fjármagna fullorðinsfræðslu að því afli sem liggur í fjármunum til fullorðinsfræðslu kunni að vera of dreift á milli skyldra verkefna. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins getur að óbreyttu ekki markaðssett nám beint til einstaklinga utan vébanda samtakanna tveggja að öllu óbreyttu – þrátt fyrir að vísbendingar séu uppi um að það gæti bætt nýtingu námskeiða og fyllt upp í pláss. Einnig eru þarfagreiningar Fræðslumiðstöðvarinnar vegna námskrárgerðar eingöngu ætlaðar einstaklingum innan samtakanna tveggja nema með sérstökum samningum.

Leggja þarf mat á það hvort ná megi samlegðaráhrifum með því að „opna á milli kerfa“ með skilgreindum og gagnsæjum hætti. Í viðtölum kom fram að áhugi er fyrir því innan Fræðslumiðstöðvar að víkka samstarfið út þannig að allir aðilar vinnumarkaðarins sem hafa sama markhóp geti fundið farveg í auknu samstarfi. Líklega væri einfaldast að framkvæma slíkt með því að opna gagnkvæmt á námsleiðir gegn kostnaðarþátttöku. Mikilvægt er að það komi fram að BSRB hefur byggt sitt fræðslustarf upp með öðrum hætti en Fræðslumiðstöðin.

2.3 Námsframboð fyrir markhópa með hliðsjón af þörf

Í þjónustusamningunum frá 2003 og 2006 kemur fram að Fræðslumiðstöðin eigi að styðja við fræðsluaðila með því „að skilgreina menntunarþarfir markhópa og byggja upp framboð á lengra og styttra námi til að mæta þörfum“ (Menntamálaráðuneyti 2003).

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur á grundvelli aukinna fjárframlaga staðið fyrir umtalsverði aukningu á námsframboði fyrir fullorðna einstaklinga á vinnumarkaði.

Námskrár Fræðslumiðstöðvarinnar eru að mati úttektaraðila faglega unnar en þar koma m.a. fram forsendur námsins, skipulag, námsþættir ásamt kennslustundafjölda. Í hverjum námsþætti eru skýrð námsmarkmið, námsaðferðir, námslýsing og bent á fáanlegt námsefni ásamt ítarefni. Að lokum er bent á hvernig námið er metið til styttingar náms í framhaldsskóla, í vali, á kjörsviði og/eða almennra greina. Þær eru aðgengilegar og einfaldar í notkun, ítarlegar og samræmdar að innihaldi og uppsetningu. Í ljós kom að ánægja er innan símenntunarmiðstöðvanna með uppbyggingu þeirra og notkunarmöguleika.

Upplýsingar um hvar brýnni þörf fyrir fræðslu sé að mæta eru meðal annars komnar frá símenntunarmiðstöðvunum á landsbyggðinni, Mími-símenntun í Reykjavík, fræðslumiðstöðvum iðngreina eða beint frá stéttarfélögum innan ASÍ. Til staðar er skilgreint greiningarferli hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins þegar kemur að úrvinnslu á upplýsingum eða ábendingum um námskrárgerð.

Í viðtölum við hagsmunaaðila kom fram ánægja með hversu auðvelt aðgengi væri að starfsfólki Fræðslumiðstöðvarinnar, sérstaklega í tengslum við hugmyndir að námskrám og námskrárgerð. Hugmyndir virðast eiga greiða leið inn á borð Fræðslumiðstöðvarinnar. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort ferlið í kringum tilurð einstakra námskráa sé nægjanlega formlegt. Hvorki Fræðslumiðstöðin, né annar aðili, tekur að sér formlega heildargreiningu eða stundar reglubundið mat á þörf. Í slíku umhverfi er mögulegt að einhverjir hópar verði útundan. Þannig er það t.d. mögulegt að sumir hópar sem nálgast Fræðslumiðstöðina um námskrárgerð séu stærri eða áhrifameiri en aðrir.

Fram hafa komið athugasemdir um að erfitt geti verið fyrir lítil svæði að ná lágmarksfjölda á námskeið sem getur valdið því að annað hvort falli það niður eða sé rekið með tapi. Það getur því skipt sköpum að fá nokkra þátttakendur til viðbótar á námskeiðin. Símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni eru einnig varkárar þegar kemur að því bjóða upp á námskeið sem skarast að einhverju leyti við samkeppnismarkað á viðkomandi svæði.

2.4 Gerð og vottun námskráa og einingamat

Fram kom að námskrár falla oft betur að einu landsvæði en öðru og segja má að það geti legið í eðli fyrirkomulagsins þar sem þær eiga oft uppruna sinn á ákveðnu landsvæði og eru þá að svara staðbundinni þörf. Að mati úttektaraðila er þó reynt eins og unnt er að gera námskrár með nauðsynlegan sveigjanleika í huga til þess að geta aðlagast aðstæðum á hverjum stað, má nefna bæði „Fjölvirkja“ (ætlað starfsmönnum fyrirtækja í iðnaði, framleiðslu og þjónustu) og „Grunnám fyrir skólaliða“ sem gott dæmi um það.

Í viðtölum úttektaraðila kom fram ánægja með fyrirkomulag og tilhögun staðfestingar menntamálaráðuneytis til einingamats á framhaldsskólastigi fyrir námskrár Fræðslumiðstöðvarinnar. Hins vegar var lýst yfir áhyggjum af fyrirkomulagi á mati til eininga inn í nám á framhaldsskólastigi þar sem skólunum er í sjálfsvald sett hvort meta eigi ákveðið nám og nemendur inn í áframhaldandi nám, þ.e. einstaklingar sem kjósa að hefja nám þar í kjölfar vottaðs náms hjá símenntunarmiðstöðvunum. Sérstaklega virðast verknámsseiningar ekki skila sér

nógu vel inn í framhaldsskólana, nema þá í valfög, meiri reynsla þarf þó að koma á þennan þátt til að unnt sé að meta hann endanlega.

Fram hefur komið að sumir framhaldsskólar meta ekki einingar úr vottuðum námsleiðum nema inn í val. Verknámseiningar skila sér almennt ekki nógu vel inn í framhaldsskólana, sem eru bóknámsmiðaðir. Nemendur vottaðra námskráa tapa þannig hluta af einingum, einkum þar sem um starfsnám er að ræða. Verslunarfagnám er t.d. skilgreint sem starfsnám á framhaldsskólastigi, sem menntamálaráðuneytið hefur samþykkt að meta til 51 framhaldsskólaeiningar. Þeir sem hafa lokið verslunarfagnámi og hyggja á bóknám til stúdentsprófs, geta fengið námið metið til allt að 12 eininga í vali og 12 eininga á kjörsviði, þ.e. eingöngu 24 einingar eru metnar af 51 einingu.

Færri kennslustundir liggja undir einingum í vottuðum námskrám Fræðslumiðstöðvarinnar en í framhaldsskólum. Í framhaldsskólum er meginreglan sú að ein eining jafngildi tveimur kennslustundum á viku í eina önn. Ein önn er 18 vikur (FB), þannig að ein eining er 36 kennslustundir. Hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins eru 12 kennslustundir á bak við eina einingu (í flestum vottuðum námskrám Fræðslumiðstöðvarinnar). Í framhaldsskólum eru því um þrisvar sinnum fleiri kennslustundir bakvið eina einingu en hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Dæmi eru um að þetta hafi sett símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni í óþægilega stöðu þar sem þær hafa kynnt nám til eininga án þess að það sé öruggt um að nemendur fái þær einingar metnar til frekara náms. Í einhverjum tilvikum hafa miðstöðvar haft samband við framhaldsskóla fyrirfram til að fá svör hvort tiltekið nám verði metið eða ekki. Ekki liggur fyrir hversu margir nýta sér þennan möguleika að fá einingar metnar til náms á framhaldsskólastigi.

Mikilvægt er að einingamatið verði skoðað nánar en ljóst má vera að hér togast á ólíkir hagsmunir og ólíkar kröfur. Hugsanleg leið til úrbóta hér væri að Fræðslumiðstöðin þróaði námskrár í aukinni samvinnu við framhaldsskólana þannig að tryggt væri frekar að jafnræðis væri gætt gagnvart mati inn í framhaldsskóla.

2.5 Þróun aðferða við mat á óformlegu námi og raunfærni einstaklinga

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur sinnt vel því verkefni sem því var falið að vinna í þjónustusamningi árið 2006 um að „þróa aðferðir við mat á raunfærni einstaklinga“ (Menntamálaráðuneyti 2006). Fræðslumiðstöðin nálgast verkefnið í víðu samhengi, með það að leiðarljósi að bæta stöðu einstaklinga á vinnumarkaði, auk þess að stytta nám og almenna færniuppbyggingu.

Flestir viðmælendur úttektaraðila litu á þetta verkefni sem eitt mikilvægasta tækið til að efla menntun í landinu. Raunfærnimat er ætlað að hjálpa fólki með því að opna fyrir mat á starfsreynslu og kunnáttu upp í nám og á sama tíma auka virðingu fyrir þeirri reynslu og þekkingu sem það hefur skapað sér.

Samstarf Fræðslumiðstöðvarinnar við símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni, Mími-símenntun og Fræðslumiðstöðvar iðngreina hefur tekist vel í þessu verkefni.

Fræðslumiðstöðvar iðngreina opna leiðir að ófaglærðum einstaklingum og hvetja þá til að hefja nám að nýju, til þess styðjast miðstöðvarnar við sérfræðiaðstoð og ráðgjöf Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þetta þróunarverkefni hefur þó sérstöðu gagnvart framhaldsskólunum og krefst ákveðinnar hugarfarsbreytingar. Einingamat í raunfæri gengur út frá kunnáttu en ekki lengd náms, því er þarna um að ræða nýjung við náms- og matsaðferðir innan framhaldsskólanna.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er að vinna að stefnumörkun í þessum málum og til framtíðar litið má sjá fyrir sér að Fræðslumiðstöðin verði í auknum mæli í hlutverki frumkvæðis- og samræmingaraðila en að sjálf framkvæmdin muni í auknum mæli verða á herðum símenntunarmiðstöðvanna og Fræðslumiðstöðvum iðngreina.

Fyrstu tillögum um framkvæmd og þróun raunfærnimats var skilað til menntamálaráðuneytisins fyrr á þessu ári. Næstu skref gætu falist í því að taka verkefnið inn í almenna framhaldsskólakerfið og viðurkenna aðferðir og tilurð þess. Því má reikna með að verkefnið eigi eftir að taka umtalsverðan tíma og því er mikilvægt að það sé vel skilgreint þannig að fjármunir nýtist markvisst.

Hagnaður samfélagsins af því að meta færni án þess að einstaklingar sæki námskeið eða sitji í almenna skólakerfinu gæti verið umtalsverður. Það er mat úttektaraðila að verkefnið sé of skammt komið til að unnt sé að meta árangur af því. Verkefnið hefur hins vegar farið vel af stað og mikilvægt að Fræðslumiðstöðin haldi áfram að móta og þróa verkefnið í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

2.6 Þróun, framkvæmd og árangur verkefna í náms- og starfsráðgjöf

Í viðauka við þjónustusamning frá árinu 2006 kemur fram að Fræðslumiðstöðin skuli taka að sér verkefni um náms- og starfsráðgjöf. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skuli skilgreina „nýtingu fjár sem ætlað er að gera fræðslumiðstöðvum í löggiltum iðngreinum kleift að bjóða upp á þjónustu náms- og starfsráðgjafa“ (Menntamálaráðuneytið 2006).

Verkefninu er lýst þannig að það skuli „efla náms- og starfsráðgjöf fyrir ófaglærða og þá sem litla menntuna hafa. [...] Í [því] skyni [verði] auknum fjármunum veitt til að standa straum af einstaklingsmiðaðri náms- og starfsráðgjöf á vegum símenntunarmiðstöðvanna um allt land“ (Menntamálaráðuneytið 2005).

Hraði breytinga í samfélaginu og auknir möguleikar til símenntunar skapa bæði kröfu og tækifæri á að beita nýjum aðferðum til að nálgast einstaklinga og veita ráðgjöf. Meginmarkmið verkefnisins er að veita fólki upplýsingar um námskeið, námsleiðir og annað sem þeim stendur til boða. Verkefnið um náms- og starfsráðgjöf er tiltölulega nýtt og því lítil reynsla komin á það. Þó eru bæði almennar vísbendingar og bein dæmi um að verkefnið hafi skilað nemendum aftur og áfram í nám.

Nokkur starfsmannavelta hefur verið hjá náms- og starfsráðgjöfum sem starfað hafa að verkefninu, þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu. Að mati úttektaraðila og þeirra sem rætt var við hefur það auðvitað ekki orðið verkefninu til framdráttar. Einnig

hefur verið erfitt að fá fólk til að starfa á þessum vettvangi. Auka þarf áherslu á að námsráðgjafar safni þekkingu og reynslu, nái þannig að byggja upp markvissa þjónustu við fullorðinsfræðslu innan vébanda Fræðslumiðstöðvarinnar.

Það er eðlilegt að gerðar séu kröfur um árangur af þessu verkefni. Ekki verður hins vegar litið framhjá því að ákveðin vandamál hafa komið upp vegna þeirra krafna um árangur sem settar hafa verið á ráðgjafa. Starfsumhverfið er mjög frábrugðið umhverfi annarra náms- og starfsráðgjafa á landinu, þá er átt við skólaráðgjöf og ráðgjöf svæðisvinnumiðlana til atvinnulausra einstaklinga sem þó standa öllum til boða. Árangursmarkmið Fræðslumiðstöðvanna eru vel til þess fallin að fylgjast með því hvernig fjármunir nýtast en síður til þess að laða að og halda í starfsfólk og kortleggja faglegan árangur af starfinu en það er mikilvægasti þátturinn á meðan verkefnið er í mótun. Gæta þarf sérstaklega að gæðum og árangri viðtalanna og má það ekki vera á kostnað þess að ná til sem flestra.

Flestir viðmælendur töldu skynsamlegt að námsráðgjafar færu út á vinnustaði til að ná sem best til markhópsins og efla þannig fullorðinsfræðslu í landinu. Hins vegar þarf að vinna frekar í kynningu og auka samstarf við fyrirtækin í landinu en erfitt hefur reynst að sannfæra stjórnendur fyrirtækja um að rétt sé að veita aðgengi að starfsfólki á vinnutíma. Í einhverju tilvikum væri litið á kynningarstarf ráðgjafanna þannig að hún væri truflun á daglegum störfum fólks. Af þessu virðist ljóst að Samtök atvinnulífsins ættu að kynna þessa þjónustu enn frekar til félagsmanna sinna og hvetja til þátttöku. Þá kom fram að eitthvað er um að stjórnendur séu hræddir um að missa fólk í nám en það er þekkt meðan mikil þensla er á vinnumarkaði og skortur á starfsfólki í almenn störf.

Viðmælendur voru á einu máli um að umtalsverður tími hafi farið í að kynna verkefnið fyrir fyrirtækjum, t.d. í síma, með tölvupósti eða kynningarbréfum og hér má velta því fyrir sér hvort að náms- og starfsráðgjafar henti í slík verkefni vegna þess að þau krefjast annarar þekkingar og hugsanlegt er að þeir séu of dýrir starfskraftar í slíka vinnu. Leið til að koma til móts við þetta sjónarmið gæti verið að fela einhverjum aðila miðlægt, t.d. innan Fræðslumiðstöðvarinnar eða með samningi við til þess bæra aðila, að stýra kynningarstarfi á þessari þjónustu. Hins vegar er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar þekki til staðbundinna aðstæðna og það gæti torveldað því að sinna kynningarhluta verkefnisins miðlægt. Það mætti einnig athuga jafningjaráðgjöf á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins sem góða leið til námshvatningar á vinnustað.[3]

Í viðtölum kom fram að það sé galli að starfshlutfall ráðgjafa nái sjaldnast heilu starfshlutfalli á landsbyggðinni og viðkomandi nái því ekki að beita sér að krafti að starfinu og byggja þannig upp reynslu og þekkingu á viðkomandi svæði. Starfssvæðin eru misjafnlega erfið og hefur það reynst Fræðslumiðstöðinni erfitt að móta stefnu í útdeilingu fjármuna til náms- og starfsráðgjafar þannig að allir geti vel

[3] Jafningjaráðgjöf er fyrsta ráðgjöf í náms- og starfsráðgjöf, veitt af samstarfsmanni, sem til þess hefur fengið sérstaka fræðslu og þjálfun. Jafningjaráðgjafi er fulltrúi fyrirtækis eða stéttarfélaga sem leiðbeinir samstarfsmönnum sínum um leiðir til að þróa færni sína, m.a. með upplýsingum um námstilboð og aðgengi að náms- og starfsráðgjöfum. Jafningjaráðgjafi er í mikilli nálægð við samstarfsmenn og getur því átt auðvelt með að benda einstaklingum á námsframboð út frá þörfum hvers og eins.

við unað. Til dæmis þurfa sumir náms- og starfsráðgjafar á landsbyggðinni að verja umtalsverðum tíma í ferðalög á milli fyrirtækja og ætla má að það hafi áhrif á framleiðni, gæði og ekki hvað síst starfsánægju.

Þá kom fram að erfitt gæti reynst fyrir ráðþega á fámennum svæðum að fara til ráðgjafa sem þeir þekkja persónulega eða vita af í gegnum ýmis konar tengsl. Þar er hugsanleg hindrun í vegi framgangs verkefnisins en það er mat úttektaraðila að hér sé ekki um það mikla áhættu að ræða að hún réttlæti sérstök viðbrög eins og að fara út í að bjóða fólki að nota ráðgjafa utan svæðis.

Bent var á að viðmið Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins séu einhæf og taki hvorki tillit til breytilegra ráðgjafaaðferða né ólíkra þarfa ráðþega sem krefst sveigjanlegri viðmiða. Því sé brýnt fyrir framhald verkefnisins að kvarðarnir nái yfir fjölbreyttari vinnu sem kemur til móts við einstaklingsbundnar þarfir ráðþeganna.

2.7 Þróun aðferða við uppbyggingu námsferilskrá

Í þjónustusamningi frá árinu 2006 er sérstaklega kveðið á um að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skuli „þróa aðferðir við uppbyggingu námsferilsskrár (nemendabókhalds) í samstarfi við fræðsluaðila og menntamálaráðuneytið þar sem tekið verði mið af mati á óformlegu námi og raunfærni“ (Menntamálaráðuneytið, 2006).

Ytri þættir hafa orðið til að vinna gegn þróun aðferða við uppbyggingu námsferilsskrár auk þess sem starfsfólk Fræðslumiðstöðvar hefur lítt getað sinnt verkefninu vegna anna. Verkefnið hefur ekki verið sett í forgang enda óljóst hvaða þarfir eru fyrir skráningar í ljósi þess að raunfærnimatið er ennþá í þróun. Þá hefur ríkt óvissa um samninga menntamálaráðuneytisins vegna INNU. Skýrr hefur nú tekið yfir kerfið og þeirri óvissu hefur nú verið eytt eftir að ráðuneytið tók ákvörðun um að þróa samskiptalag ofaná helstu gagnagrunna þ.m.t. INNU sem skólarnir nota hvað mest. Nú er hins vegar fræðsluaðilum í sjálfsvald sett hvaða kerfi er tekið upp.

Æskilegt er að Fræðslumiðstöðin geri allt sem í hennar valdi stendur til að skráningarkerfi fyrir símenntunarmiðstöðvarnar verði innleitt en það er mat helstu hagsmunaðila að þetta verkefni hafi tekið of langan tíma.

Jafnframt má sjá mikilvægi þess að námsferilsbókhald sé notað þegar kemur að því að mæla árangur í starfi í náms- og starfsráðgjöf. Hugsanlegt er að unnt verði að skrá viðtöl í slíkt kerfi og tengja það við kerfi framhaldsskólanna og vakta þannig hlutfall þeirra sem skila sér í nám í kjölfar viðtala. Þetta er hins vegar sett hér fram með fyrirvara um að slíkar fyrirspurnir og slík skráning samræmist reglum persónuverndar en tæknilega væri lítið þessu til fyrirstöðu.

Fræðslumiðstöðin hefur gert tvær skýrslur um þarfir fyrir nemendabókhald sem nú liggja fyrir og niðurstöður benda til þess að skynsamlegt sé að byggja á sama grunni og INNA sem er kerfi framhaldskólanna í eigu Skýrr. Verktaki var fenginn til að hanna þarfagreiningu en sú greining hefur tafist af hálfu verksala og niðurstöður liggja ekki fyrir.

Ljóst er að til að næstu skref í raunfærnimati nái fram að ganga þurfa símenntunarmiðstöðvarnar aðgang að nemendabókhaldskerfi með tengingu við kerfi framhaldsskólanna. Í viðtölum komu fram nokkrar ábendingar um að INNA gæti hentað símenntunarmiðstöðvunum vel í þessum efnum en þær hafa ekki haft aðgang að kerfinu. Vegna breytinga á þessum málum í menntamálaráðuneytinu er ekki séð að Fræðslumiðstöðin fái beinan aðgang að INNU í gegnum ráðuneytið nema með sérstökum samningi við Skýrr.

2.8 Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu og starfsmenntun fyrir fólk á vinnumarkaði

Frumkvæði, nýsköpunar og þróunarhlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er umtalsvert og hafa mörg þróunar- og nýsköpunarsverkefni tekist vel. Þróun aðferða í fullorðinsfræðslu er eitt stærsta hlutverk miðstöðvarinnar. Starfið hefur skilað sér vel við að auka gæði náms í fullorðinsfræðslu og starfsfræðslu á vinnumarkaði. Því er sinnt með fjölbreyttum hætti, m.a. með kennslufræðinámskeiðum, fræðslufundum og ráðgjöf. Byggt hefur verið upp gagnasafn fyrir kennslufræði fullorðinna, sem hægt er að skoða á vefsíðu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, þar er m.a. að finna greinar um kennslufræði fullorðinna, forrit, kennsluefni og myndefni. Þróuð hafa verið hjálpartæki út frá kennslufræði fullorðinna, m.a. mælisstika um gæði námsefnis og í tengslum við hana námsefnisstoðkerfi og drög að námsefnisbanka. Frá árinu 2004 hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gefið út faglegt ársrit: „Gátt – tímarit um fullorðins- og starfsfræðslu“. Þar er góð fræðileg umfjöllun um fullorðinsfræðslu, greinar eftir sérfræðinga Fræðslumiðstöðvarinnar og aðra.

Námskeiðið „Stiklur“ um kennslufræði fullorðinna stendum öllum kennurum og starfsfólki símenntunarmiðstöðvanna til boða. Mikil ánægja er meðal símenntunarmiðstöðvanna með námskeiðið. Viðfangsefni kennslufræði fullorðinna er einkum: Breytt viðhorf eða aðstæður til náms. Starfsfærni til framtíðar. Helstu úrlausnarefni. Kröfur til fræðsluaðila þar sem m.a. er tekið tillit til styrkleika, áhugasviðs, markmið og hagnýtingar. Fagleg uppbygging er mikilvæg en tímaskortur kennara, sem eru flestir í fullu starfi annars staðar, er ein helsta hindrunin í vegi þess að aðferðir fullorðinsfræðslu nái góðri útbreiðslu.

Ekki verður annað séð eða ráðið af viðtölum en að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hafi staðið sig vel í að fylgjast með nýjum aðferðum í fullorðinsfræðslu, þróa og miðla þeim til framkvæmdaaðila í gegnum námskeið, við gerð kynningarefnis og ritun fræðilegra greina.

Námstækni- og kennsluaðferðir sem Fræðslumiðstöðin hefur þróað hæfir markhópnum, nýtir reynslu og starfsþekkingu nemenda, stuðlar að fjölbreytni, eykur námsánægju og hvetur til náms. Þessar aðferðir eru í takt við það sem er að gerast í öðrum löndum sem við berum okkur saman við.

2.9 Gerð námsefnis í íslensku fyrir útlendinga og þjálfun kennara í notkun þess

Í þjónustusamning menntamálaráðuneytis er Fræðslumiðstöðinni falin gerð námsefnis í íslensku fyrir útlendinga og hefur verkefnið gengið hægar en ráð var fyrir gert. Forsendur verkefnisins voru á reiki í upphafi en samkomulag náðist á miðju ári 2007 við menntamálaráðuneyti um að Fræðslumiðstöðin tæki að sér að fullgera námsefni. Afurð verkefnisins er væntanleg í desember 2007 og þjálfun kennara í notkun þess er þar af leiðandi ekki hafin en skipulagning kennslufræðinámskeiðs er þó í farvegi (sbr. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2007a:63).

Mikið var fjallað um fræðslumál og málefni útlendinga í viðtölum úttektaraðila við hagsmunaaðila. Ljóst er að það þarf að auka vægi fræðslu fyrir útlendinga á næstu árum til að mæta fjölgun þeirra á íslenskum vinnumarkaði. Mikilvægt er hins vegar að það sé gert þannig að ekki verði um of mikla skörun að ræða við önnur verkefni sem beinast að þjálfun útlendinga og menntamálaráðuneyti fjármagnar.

Árið 1994 voru erlendir ríkisborgarar 1,7% af heildarmannfjöldanum á Íslandi en þetta hlutfall var um 6% undir lok 2006. Mikil eftirspurn hefur verið eftir erlendu vinnuafli sem skýrir þessa fjölgun og í ársbyrjun 2007 var áætlað að erlendir ríkisborgarar á vinnumarkaði væru í kringum um 10% (sbr. félagsmálaráðuneyti 2007).

Túlkaþjónusta er kostnaðarsöm og ekki raunhæft að vera með fagnámskeið á öðrum tungumálum en íslensku. Námskrár hafa þó verið kenndar með faglegri aðstoð útlendinga í einhverjum tilvikum. „Landnemaskólinn“ hefur verið kenndur víða við góðar undirtektir.

Íslenskukennsla fyrir útlendinga hefur ekki verið skilgreint sem sérstakt verkefni innan Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og menntamálaráðuneytið hefur annast ráðstöfun fjármuna vegna þess. Til staðar er fagleg þekking hjá Fræðslumiðstöðinni sem gæti komið verkefninu vel. Hins vegar hindrar eignarhald og afmarkaður markhópur Fræðslumiðstöðvarinnar að henni verði falið verkefnið. Hins vegar verður ekki annað séð en að hægt væri með sérstökum samningi að fela Fræðslumiðstöðinni verkefnið.

Helstu rök sem styðjast má við fyrir aukinni aðkomu Fræðslumiðstöð atvinnulífsins að íslenskukennslu:

- Tengsl við þróun aðferða í fullorðinsfræðslu gæti nýst í þau verkefni.
- Skilgreining útlendinga sem sérstaks markhóps í þjónustusamningi yrði fullnægt með beinni aðkomu Fræðslumiðstöðvarinnar.

Helstu rök gegn aðkomu Fræðslumiðstöðvarinnar að íslenskukennslu fyrir útlendinga:

- Eingöngu sjónarmið fullorðinsfræðslu og einskorðað við útlendinga á vinnumarkaði.
- Núverandi eignarhald Fræðslumiðstöðvarinnar.

2.10 Gæðastarf Fræðslumiðstöðvarinnar

Athuganir úttektaraðila hafa leitt í ljós að töluverður metnaður hefur ríkt í gæðastarfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og áhersla lögð á þróunarvinnu, leiðbeiningar við námskeið, mótun (hönnun) gæðatækja og mælistikna. Stuðst hefur verið við gæðakröfur Evrópusambandsins auk samnorrænna og samevrópskra kerfa. Helsta afurð gæðastarfs innan Fræðslumiðstöðvarinnar er leiðarvísir um gæðastarf. Gæðaviðmiðin eiga einnig við um ýmsa þætti í innra starfi Fræðslumiðstöðvarinnar eins og verkferla.

Almenn ánægja er meðal samstarfsaðilanna með tilvist gæðaviðmiðanna og eru þau í notkun hjá flestum símenntunarmiðstöðvunum. Í einhverjum tilvikum hefur kennurum símenntunarmiðstöðva fundist gæðaviðmið Fræðslumiðstöðvarinnar flókin og er helst tímaskorti kennara um að kenna að þetta starf nýtist kannski ekki sem skyldi. Stefnt er að því að notkun gæðaviðmiðanna aukist um land allt.

Í sjálfsmatsskýrslu Fræðslumiðstöðvarinnar kemur fram að gæðin séu stundum þróuð á kostnað skilvirkni en endurskoðun er væntanleg af hálfu Fræðslumiðstöðvarinnar (sbr. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2007a:35). Í vinnslu eru einnig gæðaviðmið í raunfærnimati og í náms- og starfsráðgjöf.

2.11 Eftirlit menntamálaráðuneytisins með þjónustusamningunum

Í þjónustusamningi Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins við menntamálaráðuneytið er vikið að eftirlitshlutverki ráðuneytisins vegna samningsins. Fyrirkomulag eftirlits er að 1. september ár hvert skilar Fræðslumiðstöð atvinnulífsins starfs- og rekstraráætlun fyrir næsta ár á eftir sem ráðuneytið þarf að samþykkja.

Fyrir 31. mars skal Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vinna ársskýrslu sem gerir grein fyrir verkefnum ársins og fylgir endurskoðaður ársreikningur. Samráðsfundir skulu haldnir tvisvar á ári og hefur því verið fylgt eftir.

2.12 Stjórnskipulag og starfsmannamál

Í stjórn félagsins sitja sex aðilar, þrír frá Alþýðusambandi Íslands og þrír frá Samtökum atvinnulífsins. Slík jöfn skipting í stjórn er í anda samstarfsins og gerir þá kröfu til aðila að ná breiðri sátt í málum. Stjórnarmenn eru ánægðir með fyrirkomulagið og mál hafa ávallt verið afgreidd úr stjórn í sátt.

Þó svo að ekki hafi farið fram beint frammistöðumat á einstaklingum er það heildarmat úttektaraðila að starfsfólk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins valdi störfum sínum vel. Óhjákvæmilegt er að mikill vöxtur Fræðslumiðstöðvarinnar síðustu ár hafi valdið nokkru álagi á starfsfólk. Til framtíðar litið þarf framkvæmdastjóri miðstöðvarinnar því að vera í stakk búinn að skilja við daglega verkefnisstjórn, einbeita sér meira að stefnumótun/stjórnun og útdeila þannig ábyrgð.

Fræðslumiðstöð starfar nú á grundvelli lárétts skipulags í þróunarvinnu með skilgreinda vinnuhópa, svokallaða bakhópa (sbr. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins 2007a:7). Í sjálfsmatskýrslu Fræðslumiðstöðvarinnar er greining á styrk- og veikleikum í hópastarfi og flötu skipulagi.

Það má bæta við eftirfarandi veikleikum sem eru a.m.k. fræðilega til staðar:

- Óhjákvæmlega verða fleiri starfsmenn beint undir hverjum yfirmanni, erfiðara er því fyrir yfirmenn að samræma og fylgjast með störfum þeirra.
- Það eru færri möguleikar fyrir starfsmenn að „vinna sig upp" hjá viðkomandi stofnun en það gæti haft áhrif til lengri tíma.
- Ákveðnir einstaklingar gætu tekið frumkvæði og nýtt sér flatt skipulag til þess að stjórna og ráðskast með samstarfsmenn.
- Það gæti verið erfitt að átta sig á vinnuframlagi einstaklinga sem færast eftir þörfum á milli sviða og ýmissa verkefna.

2.13 Fjármál og rekstur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur staðið vel í því nýta þá fjármuni sem úthlutað hefur verið í gegnum kjarasamninga við Alþýðusamband Íslands á sl. þremur árum. Ekki verður annað séð en að fjármálastjórn sé í góðu horfi en ef verkefni verða aukin þarf væntanlega að ráða sérhæfðan aðila til þess að annast fjármálastjórn.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins stendur í umfangsmiklum rekstri og því renna umtalsverðir fjármunir úr ríkissjóði til framkvæmdar skilgreindra verkefna. Verkefnin eru háð eftirliti Ríkisendurskoðunar í samræmi við lög. Í umfjöllun um framkvæmd verkefna kom fram að flest hafa gengið eftir.

Ekki verður annað séð en að gott lag sé á áætlanagerð og eftirfylgni við ráðstöfun fjármuna. Árituðum ársreikningi er skilað á réttum tíma til menntamálaráðuneytisins og ábendingar í skýrslum endurskoðenda eru fáar og varða ekki grundvallaratriði. Eftirlit stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er talið virkt og vitund stjórnarmanna mikil um þá ábyrgð sem fylgir stjórnarsetunni, sérstaklega í tengslum við ráðstöfun fjármuna úr ríkissjóði.

Nýlegt húsnæði Fræðslumiðstöðvarinnar hentar vel undir starfsemina en leigukostnaður er umtalsverður. Í húsnæðisskuldbindingunni felst ákveðin áhætta þar sem aukahúsnæði er framleigt en á móti vegur að starfsemin getur vaxið án þess að þurfa flytja sig um set. Þá verður ekki litið framhjá því að það er almenn ánægja með samstarfið innanhúss, milli Mímis, Fræðslumiðstöðvarinnar og Landsmenntar auk þess sem símenntunarmiðstöðvarnar geta nýtt sér aðstöðuna. Það er hins vegar umhugsunarefni hvort Fræðslumiðstöðin eigi að standa í svo umfangsmiklum rekstri í kringum 1900 m² húsnæði og utanumhald.

Einfaldar ábendingar endurskoðenda um aðgreiningu starfa við útborgun launa hefur verið fylgt eftir. Á árinu 2006 var notað tímaskráningarkerfi til að aðgreina kostnað á verkefni. Það hefur auðveldað áætlanagerð umtalsvert hjá Fræðslumiðstöðinni.

Ábendingar endurskoðenda lúta einnig að samþykktarferli reikninga. Framkvæmdastjóri þarf í auknum mæli að veita starfsmönnum leyfi til fjárheimilda og ferli við samþykkt reikninga á verkefni þarf að vera skýrt. Brugðist hefur við þessum ábendingum en það er mat úttektaraðila að gera megi frekari úrbætur á samþykktarferli reikninga: Verði farin sú leið að auka verkstjórnarábyrgð sérfræðinga Fræðslumiðstöðvar og innleiða verkefnisstjórnun sem tæki þarf sá sem stofnar til útgjalda að samþykkja reikninga og aðkoma framkvæmdastjóra að ferlinu takmarkast enn frekar við upphaf og lok verkefna.

Til lengri tíma litið er ekki gott fyrir starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar að vera bundin því hvernig til tekst að semja við stjórnvöld á hverjum tíma. Þetta gerir alla áætlanagerð til lengri tíma erfiða og gæti leitt til þess að stefnumótunarhlutverk stjórnar afmarkist við of stutt tímabil.

Nánast öll starfsemi Fræðslumiðstöðvarinnar mótast af samningum og samningsgerð. Það er því mikilvægt að samningsstjórnun og þekking á samningagerð sé í réttum farvegi.

Fræðslumiðstöðin hefur einnig umtalsverðar sértekjur sem afla má án skerðinga á framlaga úr ríkissjóði og hefur vel tekist að afla þeirra.

Kafli 3

Tillögur

3.1 Tillögur um úrbætur á fyrirkomulagi starfsemi FA

Við mótun framtíðarskipulags Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þarf að huga að ábyrgð starfsmanna þar sem starfsemin er að vaxa og því munu fylgja vaxtaverkir. Að óbreyttu stefnir í að fagleg og stjórnunarleg ábyrgð framkvæmdastjóra verði of mikil og því gæti annarhvor þátturinn látið undan síga. Lagt er til að stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar taki afstöðu til þess hvort eða hvenær eigi að ráða fjármálastjóra vegna aukinna verkefna.

Framtíðarskipulag Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins þarf í senn að vera formfast en sveigjanlegt til að mæta breytingum í nánasti umhverfi miðstöðvarinnar og koma þannig til móts við aukin verkefni. Stjórnskipulagið þarf að einkennast í auknum mæli af skýrari og markvissari ábyrgðaskiptingu, skýrum en stuttum boðleiðum og góðu upplýsingaflæði innan og milli sérfræðisviða.

Þessu má ná fram í núverandi skipulagi og æskilegt er að áfram verði lögð áhersla á valddreifingu á grundvelli verkefna. Framkvæmdastjóri leiðir nú gerð fjárhagsáætlana, tekur að sér að útdeila verkefnum til sérfræðinga og stjórnar faglegri útfærslu þeirrar stefnumörkunar sem stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar mótar á hverjum tíma. Þetta fyrirkomulag hefur reynst vel og í ljósi þess að hugsanlegt er að Fræðslumiðstöðin stækki enn frekar á næstu árum má sjá fyrir sér að stjórnunarábyrgð framkvæmdastjóra aukist og því megi huga að aukinni faglegri ábyrgð sérfræðinga. Eftir sem áður mun framkvæmdastjóri þurfa að verja talsverðum tíma í að efla og viðhalda aðstöðu og aðbúnaði fyrir sérfræðinga Fræðslumiðstöðvarinnar.

Á sviði upplýsingamála og upplýsingamiðlunar almennt er enginn skilgreindur ábyrgðarmaður innanhúss. Ábyrgð á almennu kynningarstarfi þ.m.t. allri útgáfu, ritstjórn, uppfærslu og frekari þróun heimasíðu Fræðslumiðstöðvarinnar má bæta. Í þessu umhverfi er enn fremur mikilvægt að öflugt skjalastjórnunarkerfi sé til staðar innanhús en ekkert slíkt er í notkun og er hvatt til þess að hratt og örugglega verði farið í að ráða bót á því máli.

Eignarhald Fræðslumiðstöðvarinnar er skýrt og það hefur ýmsa kosti. Húsnæði og fyrirkomulag á rekstrinum gerir það að verkum að miðstöðin er vel í stakk búin til þess að taka að sér aukin verkefni, að því gefnu að nauðsynlegar auðlindir fylgi með og rekstrarrammi stækki því til samræmis, þar með má nýta sérfræðiþekkingu innanhús enn frekar. Stjórn Fræðslumiðstöðvarinnar þarf að taka afstöðu til þess hvort skynsamlegt sé að taka upp viðræður við aðra fræðsluaðila á landinu um samstarf sem beinast ætti að því að tryggja að ekki komi til óhagkvæm nýting á þeim fjármunum sem varið er til fullorðinsfræðslu í landinu. Í framhaldi gæti stjórn og menntamálaráðuneyti mótað stefnu í tengslum við þau verkefni sem Fræðslumiðstöðinni er ætlað að vinna og enn fremur litið til aukinna verkefna, t.d. íslenskukennslu fyrir útlendinga og aukið framboð á vottuðum námsleiðum í

samræmi við viðtækara samstarf og um leið stærri markhóp. Áður en þetta gerist þarf menntamálaráðuneytið að meta hvort og hvernig það muni beita sér varðandi framlög til Fræðslumiðstöðvarinnar og ef um aukningu yrði að ræða hvernig ráðuneytið sér fyrir hvernig slík framlög myndu nýtast best, m.a. með tilliti til þess hvernig það fjármagn myndi nýtast öðrum fræðsluaðilum.

3.2 Tillögur um úrbætur á stjórnun verkefna Fræðslumiðstöðvarinnar

Það eru sóknarfæri í námskrárgerð í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Lagt er til að Fræðslumiðstöðin móti formlegri farveg fyrir greiningu og mat á þörfum markhópsins. Með því myndi Fræðslumiðstöð atvinnulífsins rækja enn betur frumkvæðishlutverk við samræmingu aðgerða er varða fullorðinsfræðslu á Íslandi.

Áhugi virðist vera hjá öðrum markhópum fyrir ýmsum námskeiðum og því mætti skoða hvort hægt væri að kynna námskeiðin víðar og bjóða öðrum þátttöku gegn gjaldi. Það gæti tryggt að fleiri námskeið væru haldin, þau ekki rekin með tapi og að fleiri einstaklingar ljúki námskeiðum sem metin eru til eininga. Líklega væri einfaldast að framkvæma slíkt með því að opna gagnkvæmt á námsleiðir gegn kostnaðarþátttöku og heimila símenntunarmiðstöðvunum að auglýsa námsleiðir til annarra markhópa.

Lagt er til að núverandi samráðsvettvangur náms- og starfsráðgjafa verði gerður formlegri, með tíðari fundum, til að miðla reynslu, þekkingu og efla verkefnið til framtíðar. Athuga má tengingu vettvangsins inn í háskólaumhverfið og nám um náms- og starfsráðgjöf. Verkefnið leggur nýja áherslu á aðferðir náms- og starfsráðgjafar og mikilvægt að reynslan skili sér inn í námið.

Ekki liggur fyrir hversu margir nýta sér möguleika að fá einingar metnar til náms á framhaldsskólastigi. Lagt er til að fram fari markviss rannsókn á nýtingu eininga til að meta hvort bregðast þurfi við áhyggjum hagsmunaaðila um að þær nýtist ekki sem skyldi. Að sama skapi er tilefni til að skoða betur hvort námskeið nýtist starfsmönnum til að fá framgang í starfi og/eða launahækkun.

Lagt er til að Fræðslumiðstöðin endurskoði árangursmarkmið í náms- og starfsráðgjöf og setji jafnframt kröfur um gæðalegan árangur í verkefninu. Náms- og starfsráðgjöf í landinu glímir við þann vanda að hafa verið skólamiðuð í fjölda ára, þetta verkefni krefst þess að ráðgjafar þurfa að fara út að leita að fólki.

Árangursviðmið Fræðslumiðstöðvarinnar eiga rétt á sér m.a. vegna þess að verið er að ráðstafa opinberum fjármunum. Hins vegar er hér um að ræða fjárhagslegt markmið sem beinist að því að greina kostnað og nýtingu starfsmanna. Ljóst er að erfitt er að mæla beinan árangur en athuganir hafa leitt í ljós að skynsamlegt væri ef Fræðslumiðstöðin og símenntunarmiðstöðvarnar gerðu sameiginlega tillögu um framkvæmd og fyrirkomulag.

Enn fremur er lagt til að Samtök atvinnulífsins kynni þjónustu náms- og starfsráðgjafa og hvetji til þess að stjórnendur leyfi og stuðli að heimsókn ráðgjafa á vinnustaði sína. Athuga þarf sérstaklega hvort aðrir aðilar en náms- og starfsráðgjafa

geti sinnt kynningarstarfinu en það má þó má ekki gleyma mikilvægi þess að náms- og starfsráðgjafar þekki til staðbundinna aðstæðna.

Fjölgun útlendinga á íslenskum vinnumarkaði kallar eftir endurskoðun á aðkomu Fræðslumiðstöðvarinnar að starfsmenntun útlendinga. Rannsaka þarf sérstaklega hvaða samlegðaráhrif geti falist í því að úthluta fé til íslenskukennslu fyrir útlendinga í gegnum Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Lagt er til að verkefni um nemendabókhald verði endurskilgreint og leitað leiða til að nýta sem fyrst þá vinnu sem nú þegar hefur farið fram. Samningi við verktaka verði sagt upp ef ljóst þykir að hann verði ekki efndur. Verði samning sagt upp þarf að tryggja að ráðgjafi skili stöðuskýrslu.

Eftirlit menntamálaráðuneytisins með þjónustusamningunum er samkvæmt samningi. Verði aukning í framlögum ráðuneytisins til fullorðinsfræðslu á Íslandi í gegnum miðstöðina er æskilegt að ráðuneytið veiti aukið aðhald og fylgist með gæðum þeirrar þjónustu sem það felur miðstöðinni að annast.

Nokkur skörun er á milli Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og formlega skólakerfisins. Tenging Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins við framhaldsskólana hefur ekki verið nægjanlega skýr, en samstarf er nauðsynlegt til að byggja upp trúverðugleika og skilning. Frumkvæði Fræðslumiðstöðvarinnar er mikilvægt við að greiða götur námskránna og á mati þeirra inn í framhaldsskólakerfið, til að markhópurinn eigi greiða leið þar inn. Tryggja þarf að þessi kerfi vinni sem best saman, t.d. með því að flýta eins og kostur er innleiðingu námsferilskrár.

3.3 Tillögur um úrbætur á rekstrarþáttum

Aukin áhersla á verkefnastjórnun er góð leið til að stuðla að frumkvæði starfsmanna og framþróun í starfseminni þannig að þekking og reynsla starfsmanna nýtist sem best. Í slíku umhverfi veitir framkvæmdastjóri starfsmönnum faglegan stuðning en dregur úr beinum afskiptum á framgangi verkefna. Verkferla má einnig nota til að mæla og betrumbæta þjónustu og skilvirkni, hversu marga starfsmenn þarf í verkefni og hversu langan tíma þau eiga að taka.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á þróun verklags innan Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Lagt er til að settir verði fram gátlistar um þætti eins og meðhöndlun erinda sem berast Fræðslumiðstöðinni. Í ljósi aukins álags á framkvæmdastjóra er lagt til að samþykktarferlar reikninga verði skilgreindir á ný, þá einnig í ljósi þess að skynsamlegt gæti verið að auka ábyrgð starfsmanna á næstu árum og innleiða markvissa verkefnisstjórnun. Í slíku fyrirkomulagi myndi aðkoma framkvæmdastjóra að verkefnum afmarkast við upphaf og lok þeirra, veita faglega ráðgjöf og stuðning eftir atvikum. Stefnumótunarhlutverk framkvæmdastjóra myndi þá að sama skapi aukast.

Líklegt er talið að fjármunir til verkefnisins muni aukast á næstu árum. Með það að leiðarljósi má athuga sérstaklega hvort setja eigi á laggirnar sérstakt fagráð til að styðja Fræðslumiðstöðina í sívaxandi starfi og minnka þar með álag á stjórn sem gæti einbeitt sér að fjármagni og nýtingu þess. Fagráð myndi styrkja framkvæmdastjóra og starfsfólk Fræðslumiðstöðvarinnar faglega í auknum verkefnum.

3.4 Aðrar tillögur eða ábendingar

Sú staðreynd að flestir einstaklingar sem sækja námskeið gera svo utan vinnutíma gerir það að verkum að aðsókn er minni en ef sá möguleiki væri fyrir hendi að sækja námskeið í vinnutíma. Til að auka möguleika starfsmanna að sækja námskeið má athuga hvernig því yrði komið fyrir, í samvinnu við alla hagsmunaaðila, að gera einstaklingum kleyft að sækja námskeið í vinnutíma. Þetta er mál sem gæti verið fyrir hagsbóta allra, bæði atvinnurekenda, starfsmanna og símenntunar-miðstöðvanna.

Lagt er til að athugað verði hvort skynsamlegt sé að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins komi í auknum mæli að námsefnisgerð þannig að tryggja megi að sama námskrá yrði ekki kennd með tveimur mismunandi aðferðum á milli símenntunarmiðstöðvanna.

Við skoðun reyndist tölfræði um a) einstaklinga á vinnumarkaði með litla grunnmenntun og b) bakgrunn og færni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði af skornum skammti. Huga þarf að aukinni kortlagningu á markhópnum til að efla megi starfsmenntun á Íslandi enn frekar. Það gefur auga leið að mikilvægt er að skoða samsetningu þessa hóps mun betur, ásamt menntunarstigi til að móta stefnu í málaflokki útlendinga sem og stefnu í símenntun og fullorðinsfræðslu á vinnumarkaði.

Heimildaskrá

Ritaðar heimildir

Félagsmálaráðuneyti. 2007. „Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda“. Sótt frá http://www.felagsmalaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf. Félagsmálaráðuneyti, Reykjavík.

Forsætisráðuneyti. 2001. „Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna samkomulags Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins“. Sótt 11. október 2007 frá http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/109

_____. 2005. „Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar vegna áframhaldandi gildi kjarasamninga“. Sótt 12. október 2007 frá http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/Frettaundirsidur//nr/2008. Forsætisráðuneyti, Reykjavík.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. 2004. „Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun“. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík.

_____. 2005. „Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun“. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík.

_____. 2006a. „Þjónustusamningur 2006“. Sótt 15. nóvember 2007 frá http://www.frae.is/default.asp?Id=432. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.

_____. 2006b. „Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun“ . Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík.

_____. 2007a. „Greinargerð um sjálfsmat á starfsemi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins árin 2003-2007“. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík.

_____. 2007b. „Gátt – Ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun“. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Reykjavík.

Menntamálaráðuneyti. 2003. „Undirritun samnings um sameiginlegt átak í fræðslumálum og starfsmenntun á vinnumarkaði“. Sótt 12. október 2007 frá http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Frettatilkynningar/nr/896. Menntamálaráðuneyti, Reykjavík.

Viðtöl og vinnufundir

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

1. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir
2. Sigrún Jóhannesdóttir
3. Fjóla María Lárusdóttir
4. Ásmundur Hilmarsson
5. Björn Garðarsson
6. Heimir Guðjónsson
7. Sigríður Jóhannsdóttir
8. Sigrún Kristín Magnúsdóttir
9. Guðfinna Harðardóttir
10. Lena Nilsen
11. Anna Vilborg Einarsdóttir

Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

12. Guðrún Eyjólfsdóttir, formaður
13. Gylfi Arnbjörnsson, varaformaður
14. Atli Lýðsson, stjórnarmaður
15. Finnbjörn Hermannsson, stjórnarmaður
16. Grétar Halldórsson, stjórnarmaður
17. Sigríður Guðjónsdóttir, stjórnarmaður

Símenntunarmiðstöðvar

18. Hulda Ólafsdóttir, Mímir-símenntun
19. Inga Dóra Halldórsdóttir, Símenntun á Vesturlandi
20. Soffía Gísladóttir, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar
21. Guðjónína Sæmundsdóttir, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
22. Bryndís Þráinsdóttir, Farskóli Norðurlands
23. Smári Haraldsson, Fræðslumiðstöð Vestfjarða
24. Óli Halldórsson, Þekkingarsetur Þingeyinga
25. Stefanía Kristinsdóttir, Þekkingarnet Austurlands
26. Ásmundur Sverrir Pálsson, Fræðslunet Suðurlands

Menntamálaráðuneyti

27. Gísli Magnússon, skrifstofustjóri fjármálaskrifstofu
28. Stefán Stefánsson, deildarstjóri símenntunar
29. Sigurður Davíðsson, verkefnisstjóri